



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjorn@myv.is

Fundargerð Veitnanefndar 5. fundur

Fundur að Hlíðavegi 6, 27. maí 2004 kl: 11:00

Mættir: Áslaugur Haddsson, Ómar M Zarióh, Yngvi Ragnar Kristjánsson, auk Úlfars Sæmundssonar. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

- 1. Samningur við Landsvirkjun um rekstur og viðhald varmaskiptastöðvar.**
Sveitarstjóri lagði fram eftirfarandi drög að samningi milli aðila ásamt greinargerð og tillögum Trausta Haukssonar, efnaverkfræðings um hitastillingar o.fl.

Samningur

Landsvirkjun, kt. 420269-1299 annars vegar, og **Skútustaðahreppur** kt. 600269-1009 **f.h. Hitaveitu Skútustaðahrepps**, gera með sér samning þennan um að Landsvirkjun taki að sér daglegan rekstur og viðhald varmaskiptastöðvar hitaveitunnar.

1. gr.

Hlutverk varmaskiptastöðvar

Varmaskiptastöðin gegnir því hlutverki að hita upp ferskvatn fyrir Hitaveitu Reykjahlíðar með jarðhitaorku sem Landsvirkjun lætur henni í té samkvæmt kaupsamningi ríkisins og landeigenda dags. 18/3 1971 (Reykjahlíð) og 4/5 1971 (Vogar) og samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um kaup Landsvirkjunar á eignum Jarðvarmaveitna ríkisins í Bjarnarflagi, dags. 17/9 1986.

Hluti ferskvatnsins, eða það allt, háð álagi hverju sinni, er hitað upp með skiljuvatni frá skiljustöð 2 í Bjarnarflagi. Lokaupphitun fer fram eftir þörfum hverju sinni í gufuhitara varmaskiptastöðvarinnar.

Landsvirkjun er heimilt að láta lágmarksrennsli ferskvatns til upphitunar ekki fara niður fyrir 12 – 14 l/s, ef vatnsveitan er aflögufær, í því skyni að tryggja nægjanlegt skiljuvatnsrennsli til Baðfélags Mývatnssveitar.

2. gr.

Rekstrarhlutverk Landsvirkjunar

Starfssvið Landsvirkjunar skv. samningi þessum nær til alls vélbúnaðar innan veggja varmaskiptastöðvarhúss og afloftunarhúss og lagna þar á milli. Allur annar búnaður tengdur rekstri hita- og vatnsveitu ásamt rekstri og viðhaldi mannvirkja og lóðar, er á höndum hitaveitunnar.

Vatnsveitan afhendir það magn ferskvatns sem hitaveitan þarf hverju sinni við stöðvarvegg skiljustöðvar 2 og tryggir að það sé með nægum þrýstingi. Landsvirkjun annast magnmælingar á ferskvatni til hitaveitunnar. Landsvirkjun skal tryggja að alltaf sé til staðar nóg af heitu vatni til að fullnægja þörfum veitunnar að því marki sem ofangreindir samningar kveða á um. Landsvirkjun

skal haga framleiðslu heita vatnsins eftir nákvæmri forskrift hitaveitunnar hvað varðar hitastig út á aðveituæð veitunnar og aðferð til afloftunar (súrefniseyðingar) vatnsins. Hitaveitunni ber að annast nauðsynlegt eftirlit með gæðum hitaveituvatnsins frá varmaskiptastöðinni og í dreifikerfi veitunnar og ber ein ábyrgð á því að þau séu í lagi samkvæmt gæðastaðli veitunnar. Verði misbrestur á gæðum vatnsins skal tilkynna það umsjónarmanni Landsvirkjunar skriflega og gefa honum ný fyrirmæli um breytingar á rekstri stöðvarinnar til að bæta gæðin. Hitaveitan styðst við úttekt og forskrift Orkustofnunar varðandi vatnshita inn á aðveituæð, sjá greinagerð Orkustofnunar MÓ-1999/14, dags. 7/11/1999

3. gr. Umsjónarmenn

Umsjónarmaður hitaveitunnar er sveitastjóri Skútustaðahrepps.
Umsjónarmaður Landsvirkjunar er gufuveitustjóri Kröflustöðvar.

4. gr. Rekstrarfyrirkomulag

Landsvirkjun annast daglegan rekstur og viðhald varmaskiptastöðvarinnar og leggur út fyrir og greiðir beint allar nauðsynlegar rekstrarvörur og minni varahluti sem þörf er á vegna reksturs varmaskiptastöðvarinnar.

Ef kemur til óvænts eða meiriháttar viðhalds greiðir hitaveitan beint aðkeyptan búnað og vinnu hverju sinni enda skulu slík verk unnin í nánú samráði við umsjónarmann hitaveitunnar.

Eftir því sem kostur er skal Landsvirkjun tilkynna umsjónarmanni hitaveitunnar með nægum fyrirvara ef loka þarf fyrir heita vatnið vegna viðgerða eða viðhalds.

Í upphafi hvers árs skal Landsvirkjun gera grein fyrir rekstri stöðvarinnar undangengið ár með tilheyrandi skýrslu.

5. gr. Greiðslur fyrir rekstur og viðhald

Í síðasta lagi í lok september ár hvert skal Landsvirkjun senda umsjónarmanni hitaveitunnar sundurliðaða rekstraráætlun fyrir varmaskiptastöðina fyrir næsta rekstrarár til samþykktar. Skriflegt samþykki hitaveitunnar varðandi áætlun fyrir næsta ár skal liggja fyrirreigi síðar en 15. desember ár hvert.

Skipta skal rekstraráætluninni í tvo hluta:

1. Áætlaður kostnaður fyrir vinnu við daglegt eftirlit og viðhald ásamt almennum rekstrarvörum.
2. Áætlun um endurbætur og meiriháttar viðhald.

Hitaveitan greiðir Landsvirkjun ársfjórðungslega þóknun samkvæmt samþykktri rekstraráætlun auk útlagðs kostnaðar samkvæmt reikningi með 10% álagi.

6. gr. Sérstakt verkefni við endurnýjun stjórnkerfis

Landsvirkjun tekur að sér í upphafi að endurnýja stýribúnað í varmaskiptastöðinni til að gera reglun á vatnshita þar virka, þannig að unnt verði að samreka varmaskiptastöðina með skiljustöð 2.

Fyrir þessa vinnu og aðkeypta varahluti greiðir hitaveitan Landsvirkjun 532 þúsund krónur með tveimur jöfnum greiðslum í byrjun september á árunum 2004 og 2005.

Landsvirkjun er reiðubúin að taka að sér frekari endurnýjun á stjórnkerfi stöðvarinnar enda sé gert um það sérstakt samkomulag. áður en verkið hefst.

7. gr. Framsal

Aðilum er ekki heimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum til annarra aðila nema með skriflegu samþykki beggja aðila.

**8. gr.
Skaðabætur**

Bótaskylda aðila innan samnings þessa takmarkast við beint tjón sem gagnaðili hefur orðið fyrir og gera má ráð fyrir að sé afleiðing af samningsrofi. Bótaábyrgð innan samningsins nær ekki til óbeins tjóns gagnaðila, þ.m.t. rekstrartaps, eða tjóns sökum þess að ekki hefur tekist að uppfylla samninga við þriðju aðila að hluta eða að öllu leyti. Landsvirkjun ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til breytinga á vatnsflæði, hita eða þrýstingi í lögnum, nema rekja megi tjónið til stórkostlegs gáleysis, eða ásetnings starfsmanna fyrirtækisins.

Ef aðili getur ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningnum vegna neyðarréttarlegra, eða óviðráðanlegra atvika falla skuldbindingar hans niður á meðan slíkt ástand varir.

**9. gr.
Greiðslustöðvun og gjaldþrot**

Ef til greiðslustöðvunar eða gjaldþrots kemur hjá öðrum hvorum aðila samnings þessa fellur samningurinn sjálfkrafa úr gildi.

**10. gr.
Gildistími**

Samningur gildir frá 17. maí 2004.

Samningnum er hægt að segja upp með þriggja mánaða fyrirvara af beggja hálfu. Ef upp koma ágreiningsmál um framkvæmd samnings þessa sem ekki tekst að leysa með samkomulagi beggja skal reka málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Samningur þessi er undirritaður í tveimur samhljóða eintökum og telst hvort þeirra um sig fullgilt frumrit samningsins.

Reykjavík, 17. maí 2004

f.h. Landsvirkjunar

f.h. Hitaveitu Reykjahliðar

Bjarni Bjarnason,
framkvæmdastjóri orkusviðs

Sigbjörn Gunnarsson sveitastjóri

Nefndin gerði nokkrar athugasemdir við samninginn og fól sveitarstjóra að kynna þær fyrir Landsvirkjun.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Áslaugur Haddsson
Yngvi R. Kristjánsson
Ómar M. Zarioh